



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 16. apríl 2026
USK25120303

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 15. apríl 2026 um eftirfarandi mál:

Nafngift nýrrar götu - Hólmsheiði, athafnasvæði, áfangi 2

Lagt fram bréf götunafnanefndar Reykjavíkurborgar, dags. 23. mars 2026, þar sem lögð er fram tillaga að heiti á nýrri götu á athafnasvæði á Hólmsheiði, áfanga 2, sbr. deiliskipulag svæðisins sem samþykkt var í borgarstjórn 8. september 2025. Götunafnanefnd leggur til að heiti götunnar verði Draupnismörk. Samþykkt.

Vísað til borgarráðs.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða
Umhverfis- og skipulagssvið

Fylgiskjöl: bréf götunafnanefndar Reykjavíkurborgar, dags. 23. mars 2026



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 23. mars 2026
USK25120303

Tillaga götunafnanefndar Reykjavíkur um nýtt götuheiti: Draupnismörk

Málsatvik

Götunafnanefnd Reykjavíkurborgar var falið að gera tillögu að heiti á nýrri götu á athafnasvæði á Hólmsheiði, áfanga 2, sbr. deiliskipulag svæðisins sem samþykkt var í borgarstjórn 8. september 2025. Deiliskipulag áfanga 1, sem liggur austan við áfanga 2, var samþykkt árið 2019. Nafngift gatna á svæðinu var sótt í dvergatal Völuspár og Snorra-Eddu og fengu göturnar endinguna *-mörk*.

Áður samþykkt götunöfn á svæðinu eru því *Durinsmörk*, *Fundinsmörk*, og *Móðsognismörk* auk *Gandálfsmerkur* sem liggur í gegnum báða skipulagsáfangana. Gandálfsmörk tengist svo núverandi götu sem heitir *Vegbrekkur* vestan við athafnasvæði Hólmsheiðar. Götunafnanefnd gerir ráð fyrir að nafn Vegbrekkna haldist óbreytt að hesthúsabyggðinni í Almannadal (Fjárborg) en að nafn Gandálfsmerkur taki við austan við hesthúsabyggðina. Því bætist einungis ein ný gata við athafnasvæðið á Hólmsheiði sem götunafnanefnd gerir tillögu um nafn á. Gatan liggur í vinkel til norðurs frá Gandálfsmörk.



Reykjavík



Niðurstaða

Götunafnanefnd þykir einsýnt að við nafngift nýrrar götu verði áfram sótt í dvergatal Völuspár og Snorra-Eddu svo samræmi sé í nafngiftum á athafnasvæðinu á Hólmsheiði. Horft er til þess að göturnar sem ganga út frá Gandálfsmörk raðist í stafrófsröð frá vestri til austurs.

Tillaga götunafnanefndar er að ný gata verði kennd við dverginn Draupni sem nefndur er í dvergatali Völuspár. Draupnir var einnig nafnið á gylltum hring Óðins sem samkvæmt Gylfaginningu í Snorra-Eddu var þeirrar náttúru gæddur að níundu hverja nótt drupu af honum aðrir átta gullhringir, jafnhöfgir og Draupnir sjálfur. Draupni má því líta á sem tákni um framleiðni, afköst og nýsköpun sem götunafnanefnd telur vel við hæfi í nafngift nýrrar götu þar sem fyrirhuguð er uppbygging fyrirtækja í iðnaði og framleiðslu.

Tillaga

Á grundvelli þessa leggur götunafnanefnd til að heiti götunnar sem mun myndast á Hólmsheiði í skipulagsáfangi 2 verði **Draupnismörk**.

Brynjar Þór Jónasson
Skipulags- og byggingarfulltrúi Reykjavíkur
Umhverfis – og skipulagssvið